

fróðir menn að tunga vor og þjóðerni beri þar beinin á skömmum tíma. Harma þeir það mjög, en segja þó sem er, að ekki tjái um að sakast, enda ollir það þeim hvorki áhyggjum né kvíða. Að sönnu er það leiðinlegt og kemur beiskum tárur fram í augun í fyrstu. En með þeim hætti verða menn þó Alheimsborgarar, að þeir afklaðist sínu forna eðli, og er nú margur, er þangað kom snemma, svo mjög búinn að því, að tapast er hann eftir í annari skálminni. Er það sonum vorum og dætrum hinn mesti styrkur til vegs og meta, að ná þeim takmörkum sem fyrst, svo að margar geti orðið drotningar eirs og Ester, og margar trúnaðarmenn eins og Mardokai.

Enn fremursökum gnagðar og vistagnóttar er leiðin gerð bein og vegurinn sléttur að eðlisumskiftunum. Kaldea er töfraland. Heimsjúkum útlendingum byrlar hún óminnesdiylf, setur þá að krásur og þeir eta og verða mettir. Og þá er iður þeirra eru hrædd, kemur hinn angurbláði sæðingstíðin yfir þá, eins og engill Magogs strýkur tár þeirra á burt og lokar augum þeirra með kossi. Eftir það er stríðið unnið, og óska fátír sér þá til baka að Kedrons bökkum, eða til Gileadsfjalla.

Þá gleymist flest, eða allt.

Þá kemur svefninn varir og vér vitum varla af oss í rannum allan aragrúan, er þangað hefir safnast eins og þar staði yfir dómsdagur—vitum lítið í þenna heim (og alls ekkert í hinn).

Vér týnum sjálfum oss, verðum Alheimsborgarar, verðum svo breiðir og víðir, líkastir sem vér gengjum á vinstri fatinum og vinstri hendinni, og verðum ekki lengur vér. Vér verðum „Ba“ Kivitans og „Ka“ Hittitans, og slái oss einhver á hægri kinnina, þá er upp snýr, þá er það ekki vér, heldur Amoritinn, sem fyrir högginu verður. Og slíti einhver hár vort, er það hárflétta Jebusita en ekki vor, sem slitin er. Þannig með því að verða „Alheimsborgarar“ sleppum vér hjá sviða og sársauka—að finna til, gleymum öllum þjóðarmetum.

Og svo blöndum vér blóði með yfirþjóðinni. Tíðkanlegast er það á þann hátt, að Filisteinn ber sér til blóðs á knúunum, en oss á iljunum, og rennur þá blóð vort saman. Bindast með oss fastmæli og bræðralög, vér þjónum þeim, en þeir þjóða oss.